



Alþýðusamband Íslands

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/2598
komudagur 22.5.2012

Nefndarsvið Alþingis
Allsherjar- og menntanefnd
við Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22. maí
Tilvísun: 201205-0036

Frumvarp til laga um vinnustaðanámssjóð, 765. mál

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um vinnustaðanámssjóð, 765. mál.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu átti ASÍ fulltrúa í þeirri nefnd sem vann að því.

Að mati ASÍ hefur lengi legið fyrir nauðsyn þess að stuðla að og skapa fjárhagslega hvata til að mæta kostnaði fyrirtækja og stofnana af nemahaldi og jafnframt auka möguleika nemenda á að ljúka starfsnámi sínu á eðlilegum tíma. Þannig má efla og styrkja verk- og tæknimenntun sem er eitt brýnasta verkefni í menntamálum hér á landi. Það er einmitt markmiðið með þessu frumvarpi. Jafnframt er mikilvægt að benda á að skapa þarf nauðsynleg skilyrði til að sjóðurinn fái nægilega fjármuni til að ná þeim markmiðum sem lýst er hér að framan. En er langt í land með að svo sé.

Að lokum áréttar Alþýðusambandið þá gagnrýni sem fulltrúi sambandsins setti fram í starfi nefndarinnar á hlutföll og samsetningu í stjórn vinnustaðanámssjóðs. Af níu stjórnarmönnum kemur aðeins einn fulltrúi frá ASÍ sem eru samtök þorra launafólks á vinnumarkaði, bæði almennum og opinberum, og þar með þeirra sem sjóðurinn er ætlaður fyrir. Hér er um verulega skekkju og ósamræmi að ræða sem eðlilegt er að fjallað verði um á vettvangi Alþingis.

Virðingarfyllst,

F.h. Alþýðusambands Íslands

Halldór Grönvold,
aðstoðarframkvæmdastjóri